

Reglur

um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008

um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra

aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

1. Við sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans. Við útreikning á því hámarki skal miðað við samþykktan ársreikning viðkomandi sjóðs 31.12.2007.
2. Sýnt skal fram á að framlagið sé hluti af raunhæfri endurskipulagningu á fjárhag sparisjóðs:
 - 2.1. Með því er átt við að gögn, staðfest af endurskoðanda, liggja fyrir um að því marki verði náð að hlutfall eigin fjár samkvæmt CAD-reglum, sbr. ákvæði 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, verði ekki lægra en 12% að meðtöldu framlagi ríkissjóðs.
 - 2.2. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða ívilnanir af hendi lánardrottna sparisjóðs í formi skilmálabreytinga eða eftirgjafar á hluta skulda skulu liggja fyrir staðfestingar þar að lútandi.
 - 2.3. Ef stofnfé eða hlutfé sparisjóðs er aukið skal gera grein fyrir áskrift hluta og fyrirkomulagi aukningar að öðru leyti.
 - 2.4. Rekstraráætlun næsta árs skal liggja fyrir, þar sem tekið er tillit til breyttra aðstæðna í íslensku efnahagslífi, ásamt greinargerð um það með hvaða hætti sparisjóðurinn hyggst hagræða í rekstri sínum og viðhalda fjárhagslegum styrk.
 - 2.5. Áform um samstarf eða samruna sparisjóða, þegar slíkt er hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu, skulu skýrð og er heimilt að binda fjárframlag úr ríkissjóði því skilyrði að þess háttar áform gangi eftir innan tiltekins tíma.
3. Framlag ríkissjóðs verður aldrei hærra en svo að það leiði til þess að CAD hlutfall verði hærra en 15% eftir endurskipulagningu fjárhags sparisjóðs eða sparisjóða.
4. Um útgáfu stofnfjár eða hlutfjár til ríkissjóðs gilda ákvæði 2. gr. laga nr. 125/2008 auk viðeigandi laga um hlutafélög nr. 2/1995 og lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
5. Fjármálaráðherra tekur ákvörðun um framlag úr ríkissjóði á grundvelli þessara forsendna að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, þar sem m.a. skal lagt mat á það hvort sparisjóður hafi sýnt fram á að áform hans um fjárhagslega endurskipulagningu teljist trúverðug og líkleg til árangurs.
6. Sparisjóður sem óskar eftir eiginfjárframlagi skv. 2. gr. laga nr. 125/2008 skal senda umsókn til fjármálaráðuneytisins. Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:
 - a. Nýlegt rekstraruppgjör sparisjóðs áritað um könnun endurskoðanda.
 - b. Staðfesting endurskoðanda um að með áformuðum ráðstöfunum til að bæta eiginfjárstöðuna verði CAD eiginfjárlutfall a.m.k. 12% að meðtöldu framlagi ríkissjóðs.
 - c. Greinargerð um eiginfjárstöðu og rekstrarhorfur næstu 2 árin eftir áformaða endurskipulagningu fjárhags.
 - d. Upplýsingar um aðkomu annarra aðila en ríkissjóðs að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins ásamt viðeigandi staðfestingum.

- Staðfesting á ívilnunum af hendi lánardrottna í formi skilmálabreytinga eða eftirgjafar skulda.
 - Staðfestingar um áskrift hluta og fyrirkomulagi aukningar að öðru leyti.
 - Lýsing á áformum um samstarf eða samruna sparisjóða ef slíkt er hluti af áformaðri fjárhagslegri endurskipulagningu.
- e. Fjárhæð eiginfjárframlags sem sótt er um frá ríkissjóði og rökstuðningur fyrir nauðsyn slíks eiginfjárframlags.

Reykjavík, 18. desember 2008

Guðlaugur Þór Þórðarson

settur fjármálaráðherra